

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/1552
komudagur 12.3.2007

12.3.2007

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.

Ég hef nú fengið í hendur umbeðið álit prófessorsins. Af því tilefni er nauðsynlegt að taka fram strax að hann byggir álitssgerð sína á bréfi félagsins dags. 6. mars sl. Í því bréfi var eingöngu um að ræða ábendingu til þingmannanna um tilvist Oviedo samningsins með sérstakri ábendingu á nokkrar greinar. Enda segir í álitu prófessorsins að ekki sé að finna í bréfi Læknafélagsins nein frekari rök fyrir því hvaða greinar samningsins félagið telur vera þess eðlis að fyrirliggjandi breytingartillaga gangi gegn þeim þar sem það var einfaldlega ekki gert.

Í bréfi félagsins dags. 8. mars er það rökstutt hvernig félagið telur ákvæði breytingatillögunnar stangast á við mannréttindasáttmála Evrópu og stjórnarskrána. NB því er ekki haldið fram að ákvæðið brjóti gegn Oviedo samningnum heldur er rökstutt með tilvísan í greinargerð með 10. gr. Oviedo samningsins að ekki sé verið að búa til nýja efnisreglu í Oviedo samningnum heldur áréttu fyrirliggjandi reglu í Mannréttindasáttmálanum og stjórnarskránni (sjá einnig rökstuðning í fyrri pósti frá því dag sem fylgir með).

Það er beinlínis ósanngjarnt gagnvart prófessorum að fá hann til að leggja mat á málið án þess að hann hafi haft forsendur Læknafélagsins fyrirliggjandi til að byggja á. Í tilvísanaskrá hans er t.d. ekki að finna tilvísun í skýringu 63 sem er með grein 10 og fjallar um regluna í 8. gr. mannréttindasáttmálans um einkalífsverndina. Þar sem forsendur prófessorsins voru rangar er það beinlínis villandi af Viðskiptaráðuneytinu að leggja álitssgerð hans fram í málinu sem rökstuðning gegn málflutningi félagsins. Ég get alveg fallist á þá niðurstöðu prófessorsins að ef spurning um hvort efnahags- og viðskiptanefnd er tilbúin að leggja breytingatillöguna fram sem sína stendur og fellur með afstöðu til bréfs Læknafélagsins frá 6. mars sl. þá eigi það bréf ekki að stoppa málið. Þar vísar prófessorinn til þess sem hann segir almennt um gildi Oviedo samningsins auk þess sem honum finnst ástæða til að benda aftur á að Læknafélagið gerir í raun ekki tilraun í bréfi sínu til að færa rök fyrir því með hverjum hætti breytingartillagan gangi gegn samningnum. Rökstuðningur félagsins er hins vegar settur fram í bréfi þess dags. 8. mars sl. Ef mál þetta hefur verið tekið úr þingnefndinni án þess að taka tillit til röksemda félagsins sem það setti fram í bréfi sínu dags. 8. mars sl. (og á fundi þann sama dag) og byggir þá ákvörðun sína á álitu prófessorsins hefur einhver ekki unnið heimavinnuna sína (þó ekki prófessorinn).

Að lokum er rétt að áréttu svo ekki fari milli mála að félagið telur ákvæðið brjóta gegn mannréttindasáttmála Evrópu og stjórnarskránni. Í hæstaréttardómi nr. 151/2003 (gagnagrunnsmálið) segir hæstiréttur um upplýsingar sem færðar eru í sjúkraskrár um sjúklinga að: *“Upplýsingar af þessum toga geta varðað einhver brýnustu einkamálefni þess, sem í hlut á, án tillits til þess hvort þær geti talist honum til hnjóðs. Ótvírætt er að ákvæði 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar tekur til slíkra upplýsinga og veitir sérhverjum manni friðhelgi um einkalíf sitt að þessu leyti. Til að tryggja þá friðhelgi veður löggjafinn meðal annars að gæta að því að lög leiði ekki af sér raunhæfa hættu á að upplýsingar sem þessar um einkahagi tiltekins manns komist í hendur annarra, sem eiga ekki réttmætt tilkall til aðgangs að þeim, hvort sem um er að ræða aðra einstaklinga eða handhafa ríkisvalds”*. Það athugist að pótt þarna sé fjallað um upplýsingar sem skráðar eru í sjúkraskrá þá er hæstiréttur að fjalla um upplýsingarnar sem slíkar óðháð því hvaðan þær koma. Það er rökstutt í bréfinu frá 8. mars (ekki frá 6. mars) að undanþáguheimildir löggjafans taka ekki til þess að forða vátryggingarfélögum frá einhverju tilteknu flækjustigi.

Með góðri kveðju

Gunnar Ármannsson hdl. frkvstj. LÍ